

**Sp.**

**851. Þingsályktun**

[54. mál]

um tónmenntafræðslu í grunnskóla.

(Afgreidd frá Sp. 2. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um að hafinn verði nú þegar af hálfu menntamálaráðuneytisins skipulegur undirbúningur af tónmenntafræðslu í formi námskeiða eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins þar sem engin slík fræðsla er veitt nú og verður ekki við komið með venjulegum lögboðnum

Áhersla verði lögð á að tengja starf tónlistarskóla, þar sem þeir eru fyrir hendi, við tónmenntafræðslu grunnskólanna.

Þá verði og tónmenntafræðsla felld, svo fljótt sem unnt er, sem valgrein inn í nám kennaraefna við Kennaraháskóla Íslands til viðbótar námskjarna.